

Reykjavík 22. nóvember 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.
Breyting á lögum nr. 129/1997
Þingskjal 236 – 233. mál.**

Umsögn um 1. grein:

Í síðustu kjarasamningum milli Samtaka atvinnulífsins (SA) og meiri hluta stéttarfélaganna í vébanda Alþýðusambands Íslands (ASÍ) var samið um hækkun iðgjalda til lífeyrissjóða, sem starfa samkvæmt kjarasamningum framangreindra aðila. Iðgjaldið er með kjarasamningum ASÍ/SA hækkað úr 10% af launum í 12% af launum sjóðfélaga, frá og með 1. janúar 2007. Ástæðan fyrir þessari hækkun er sú að iðgjöld og mjög góð ávöxtun sjóðanna undanfarin ár hafa ekki dugað til að standa undir heildarskuldbindingum einstakra lífeyrissjóða á markaði ASÍ/SA. Aukin skuldbinding stafar fyrst og fremst af lengri lífeyrisaldri sjóðfélaga, og mikilli fjölgun þeirra sjóðfélaga, sem taka lífeyri löngu fyrir eftirlaunaldur, vegna skertrar starfsorku. Framreikningsreglur, samkvæmt grein 129/1997, fyrir þá sjóðfélaga sem missa starfsorku auka að sjálfsögðu þessar skuldbindingar sjóðanna.

Þessi samningur milli ASÍ og SA var því mikið heillaspor og tryggði að lífeyrissjóðir innan þeirra vébanda geta áfram staðið við allar skuldbindingar sínar, skv. samningum og lögum.

En það eru ekki allir lífeyrissjóðir landsmanna í sama vanda hvað varðar þunga af framreikningi vegna orkutaps sjóðfélaga, og því engin þörf að hækka iðgjöld til þeirra úr 10 í 12%. Þetta á meðal annars við Stigadeild Lífeyrissjóðs bankamanna og ekki síst Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, sem átti eignir er námu 6% umfram heildarskuldbindingar sjóðsins í árslok 2005.

Sama gildir um alla svokallaða “frjálsa” lífeyrissjóði, sem flestir eru vistaðir hjá viðskiptabönkunum. Þeir sjóðir auglýsa að einungis um 8% iðgjald sé notað til hluta samtryggingar, sem bundin er lögum nr. 129/1997, en umfram 2%-in eru sett í séreignarsjóð á nafni sjóðfélaga (sjá heimild í 4. grein laga nr. 129/1997). Þessir sjóðir lofa þannig sömu tryggingu og sjóðir á almennum markaði fyrir um 4 prósentustigum lægra iðgjald, frá og með 1. janúar 2007.

Þeir lífeyrissjóðir sem þurfa ekki hærri iðgjald en 10% til að standa við skuldbindingar munu örugglega fara sömu leið og “frjálsu sjóðirnir” ef 12% iðgjald til þeirra verður bundið með lögum. Það er að leggja hluta þess í séreignarsjóð.

Þar sem mikið er rætt um framtíðar samkeppni lífeyrissjóðanna er ljóst að samkeppnisforskot “frjálsu sjóðanna” er mikið umfram lífeyrissjóði á almennum markaði, miðað við þær staðreyndir sem hér að framan eru nefndar.

SÍB – Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja hefur samið um það við sína viðsemjendur að greiða 10% í samtryggingarsjóði félagsmanna, eins og lög nr 129/1997 skylda, en við

þriggja ára starfsaldur, innan kjarasamninga SÍB/SA, þá fá félagsmenn SÍB 7% viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð.

SÍB telur, í ljósi framangreindra þátta, ekki rétt að hækka framlög til samtryggingarþáttar lífeyrissjóða úr 10 í 12% með lögum, heldur verði ákvörðun um meðferð lífeyrisiðgjalda umfram 10% áfram rædd og tekin í kjarasamningum aðila, eins og gert var í kjarasamningum milli stéttarfélaga innan ASÍ og viðsemjenda þeirra hjá SA. Yngra fólk á vinnumarkaði vill auka hlut séreignar í lífeyrissparnaði, eins og fram hefur komið í yfirlýsingum m.a. frá ungliðahreyfingum stjórnmalaflokkanna.

Umsögn um 2. og 3. grein.

Lífeyrissjóðir eins og Hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna eru í sjálfheldu vegna ákvæða greina nr. 51 og 54, eins og þær hljóða í núgildandi lögum nr. 1297/1997. Þannig gerir SÍB ekki athugasemdir við þær breytingar.

Virðingarfyllst,

Friðbert Traustason,
formaður SÍB – Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.